

Háskóli Íslands
Félagsvísindadeild
Þjónustumat 10.53.12

Kennari:
Dr. Sigurlína Davíðsdóttir

Skiptir stærðin máli

Mat á tölvuþjónustu
ríkisstofnana og sveitarfélaga

Nemendur:
Ásgerður Jóna Flosadóttir
Eiríkur Ólafsson
Haukur Arnþórsson
Guðmundur Freyr Sveinsson
Oddný Þóra Óladóttir

Matssamantekt

Í verkefninu var lagt mat á tölvuþjónustu ríkisstofnana og sveitarfélaga. Matið var framkvæmt með spurningakönnun sem var lögð fyrir forstöðumenn ríkisstofnana og forsvarsmenn sveitarfélaga á vormánuðum 2002.

Leitað var svara við spurningunum; Að hve miklu leyti geta opinberar stofnanir og sveitarfélög veitt borgurunum rafræna þjónustu allan sólarhringinn? Hafa stofnanir og sveitarfélög sinnt uppbyggingu tölvuþjónustu og hvar eru þau á vegi stödd? Hver er staða þeirra innbyrðis; hvernig standa sveitarfélög í samanburði við ríkisstofnanir, er munur eftir stærð, veltu eða öðrum þáttum?

Stofnanir ríkisins eru 240 talsins og sveitarfélögin 122. Alls tóku 234 stofnanir og sveitarfélög þátt í könnuninni eða 68 prósent af heildarfjölda, þar af 166 ríkisstofnanir eða 71 prósent þeirra og 68 sveitarfélög eða 57 prósent þeirra.

Matið byggði á rafrænni póstkönnun og símakönnun sem voru framkvæmdar á tímabilinu febrúar til mars 2002. Spurt var eftir stöðluðum spurningalista með fyrirfram gefnum svarmöguleikum.

Í ljós kom að tölvunotkun var undantekningarlaust hjá ríkisstofnunum og sveitarfélögum. Töluverður munur var þó á þjónustustigi þeirra sem skýrðist að miklu leyti af veltu fjármagns, fjölda starfsmanna og staðsetningu. Auk þess hafði íbúafjöldi mikil áhrif varðandi þjónustustig sveitarfélaga.

Stórar ríkisstofnanir og fjölmenn sveitarfélög leiddu þróunina í tölvuþjónustu og voru vel á vegi stödd. Hið sama má segja um minni og meðalstórar stofnanir og sveitarfélög, það er að segja með veltu yfir hundrað milljónir. Aðeins stofnanir og sveitarfélög með minni veltu höfðu ekki fylgt eftir þróuninni.

Fram kom hjá sveitarfélögum að fagleg tölvuþjónusta er háð íbúafjölda. Öll sveitarfélög með yfir tíu þúsund íbúa voru yfir meðallagi í faglegri tölvuþjónustu. Hins vegar voru 80 prósent með fimm hundruð til tvö þúsund íbúa undir meðallagi í faglegri tölvuþjónustu og 90 prósent þeirra sem voru með færri en fimm hundruð íbúa.

Matssamantekt	1
1 Inngangur	4
2 Tilgátur	5
3 Lýsing á starfseminni	6
3.1 Rafræn stjórnsýsla	6
3.2 Samráð við hagsmunaaðila	6
4 Aðferð	8
4.1 Spurningakannanir	8
4.2 Þátttakendur	8
4.3 Brottfall	9
4.4 Framkvæmd	9
4.5 Mælitæki	10
4.6 Úrvinnsla	11
5 Niðurstöður	12
5.1 Tölfræðiþróf	13
5.2 Niðurstöður lýsandi tölfræði - frumbreytur	14
5.3 Niðurstöður margþátta svarbreyta	16
5.4 Niðurstöður einþátta svarbreyta	17
5.5 Niðurstöður spurninga á Likert skala	18
5.6 Niðurstöður krosstaflna	24
5.7 Þáttgreining	30
5.8 Dreifigreining	33
6 Umræður og ábendingar	39
Heimildaskrá	42

Töfluskrá

- Tafla 5.1: Ríkisstofnanir og sveitarfélög eftir landssvæðum
- Tafla 5.2: Fjöldi stofnana eftir starfsmannafjölda
- Tafla 5.3: Þjónusta ríkisstofnana og sveitarfélaga við almenning
- Tafla 5.4: Þjónustustig vefs
- Tafla 5.5: Er tölvukerfið tengt Netinu?
- Tafla 5.6: Þjónustustig ríkisstofnana og sveitarfélaga
- Tafla 5.7: Fagleg tölvuþjónusta hjá ríkisstofnunum og sveitarfélögum
- Tafla 5.8: Hefur verið mótuð tölvustefna hjá ríkisstofnunum og sveitarfélögum?
- Tafla 5.9: Fagleg tölvuþjónusta eftir landssvæðum
- Tafla 5.10: Hefur verið mótuð stefna í tölvumálum? – skoðað eftir landssvæðum
- Tafla 5.11: Þjónustustig vefs eftir veltu
- Tafla 5.12: Fagleg tölvuþjónusta eftir veltu
- Tafla 5.13: Hvaða þjónusta er veitt á vef? – skoðað eftir veltu
- Tafla 5.14: Þjónustustig vefs eftir íbúafjölda sveitarfélaga
- Tafla 5.15: Fagleg tölvuþjónusta eftir íbúafjölda sveitarfélaga
- Tafla 5.16: Hefur verið mótuð stefna í tölvumálum? – skoðað eftir íbúafjölda sveitarfélaga

Myndaskrá

- Mynd 5.1: Fjöldi tölva
- Mynd 5.2: Velta ríkisstofnana og sveitarfélaga
- Mynd 5.3: Íbúafjöldi sveitarfélaga
- Mynd 5.4: Vistunarsnið
- Mynd 5.5: Hve öflug er tengingin við Netið?
- Mynd 5.6: Eru gögn vistuð miðlægt?
- Mynd 5.7: Er biðils / miðils högun?
- Mynd 5.8: Er þjónusta veitt með úthýsingu?
- Mynd 5.9: Eru gögn flutningshæf til Þjóðskjalasafns?
- Mynd 5.10: Eru viðurkenndir öryggisstaðlar notaðir?
- Mynd 5.11: Er til neyðaráætlun í tölvumálum?

1 Inngangur

Í stefnumótun ríkisstjórnarinnar í málefnum upplýsingasamfélagsins sem sett var fram árið 1996 og ber heitið „Framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið“, kemur fram sú hugsun að Íslendingar muni í auknum mæli geta sótt þjónustu til opinberra aðila með rafrænum hætti á komandi árum. Mörg árangursrík verkefni stuðli að meiri tölvuvæðingu og rafrænum samskiptum sem leiði smám saman til þess að þjónusta ríkisins verði rafræn. Nýleg dæmi um þessa þróun eru rafræn skattaframtöl, tollskýrslur og virðisaukaskattskil.

Takmörkuð gögn liggja þó fyrir um það hvernig þessum málaflokki hefur verið sinnt. Spurningar vakna um hver þjónustugeta ríkisstofnana í tölvumálum sé almennt. Er til dæmis vitað hvort stærð stofnana og sveitarfélaga skipti máli? Er munur á þjónustugetu eftir veltu eða staðsetningu? Hvernig standa ríkisstofnanir og sveitarfélög sig?

Með því að gera mat á tölvuþjónustu var ætlunin að fá mynd af raunverulegri stöðu mála. Meginávinningur með matinu var að fá yfirlit yfir stöðu tölvuvæðingar hjá ríkisstofnunum og sveitarfélögum og hvernig þau voru undir það búin að veita rafræna þjónustu. Þá var einnig mikilvægt að sjá hvað einkenndi þær stofnanir og sveitarfélög sem best stóðu. Þannig mætti fá vísbendingar um þá aðstoð sem þyrfti að koma til svo stofnanir og sveitarfélög sem verst stæðu gætu bætt þjónustu sína.

Spurningum sem leitað var svara við voru eftirfarandi; Að hve miklu leyti geta opinberar stofnanir veitt borgurum rafræna þjónustu? Hafa stofnanir og sveitarfélög sinnt nauðsynlegri uppbyggingu tölvuþjónustu til að mæta hinum nýju kröfum og hvar eru þau á vegi stödd? Hver er staða þeirra innbyrðis; hvernig standa sveitarfélög í samanburði við ríkisstofnanir, er mikill munur á þeim eftir stærð, veltu, staðsetningu eða öðrum þáttum?

Slíkt mat hafði ekki verið gert áður og því var orðið löngu tímabært að afla vitneskju um stöðu mála. Matsúttekt gæti nýst opinberum aðilum sem hjálpartæki við stjórnun, skipulagningu og áætlanagerð. Þar sem engin haldbær gögn lágu fyrir um stöðu tölvumála var gengið út frá þeirri tilgátu að enginn munur væri á þátttakendum.

Matið var framkvæmt með spurningakönnun sem var lögð fyrir forstöðumenn ríkisstofnana og forsvarsmenn sveitarfélaga. Byggt var á póstkönnun sem fylgt var eftir með símakönnun. Úrvinnsla var í tölfræðiforritinu SPSS og voru gögnin unnin með aðferðum aðhvarfsgreiningar og dreifigreiningar. Einnig var hugað að þáttagreiningu, það er hvort samband væri milli spurninga. Niðurstöður voru síðan túlkaðar og koma fram hér í skýrslunni.

2 Tilgátur

Tilgangur þessa matsverkefnis var að skoða hvort ríkisstofnanir og sveitarfélög væru undir það búin að vera þátttakendur í hinni rafrænu „gagnsæju“ framtíð. Einnig var skoðað hvort þættir eins og stærð og staðsetning stofnana og sveitarfélaga hefðu áhrif á möguleika þeirra til að veita öflugra þjónustu á tölvuneti. Þess var freistað að finna svarið við því hversu vel ríkisstofnanir og sveitarfélög væru búin undir hina rafrænu framtíð.

Rannsóknarspurningarnar voru eftirfarandi:

Hve vel eru opinberar stofnanir og sveitarfélög undir það búin að veita borgurunum rafræna þjónustu? Þá er átt við þjónustu sem er veitt á vef eða á annan rafrænan hátt óháð stund og stað (sólarhringsþjónusta alla daga vikunnar).

Hafa stofnanir og sveitarfélög sinnt faglegri uppbyggingu tölvu- og upplýsingaþjónustu? Hvar eru þau á vegi stödd?

Hver er staða þeirra innbyrðis, er munur á ríkisstofnunum og sveitarfélögum, skiptir stærð, velta, staðsetning eða annað máli?

Þar sem engin sambærileg rannsókn hafði verið gerð var óljóst hver staða þessara mála væri og hverjar niðurstöðurnar yrðu.

Rannsóknarspurningarnar voru settar fram vegna þess að þær eru mikilvægar og aðkallandi. Þær skipta máli fyrir lífsstíl Íslendinga og hafa hugsanlega áhrif á búsetuval.

Við framkvæmd matsins var ávallt miðað við núll tilgátu sem gerir ráð fyrir engum mun á þátttakendum. Munur sem fram kom í matinu var staðfestur með marktækniþrófum þar sem miðað var við 95 prósent öryggismörk.

3 Lýsing á starfseminni

Í þessum kafla verður fjallað um þróun rafrænnar stjórnsýslu í landinu. Gerð verður grein fyrir þeim þátttakendum sem matsverkefnið náði til og því samráði sem haft var við hagsmunaaðila.

3.1 Rafræn stjórnsýsla

Mikil breyting hefur orðið á upplýsingasamfélaginu á Íslandi. Tölvuvæðingin hefur auðveldað einstaklingum og fyrirtækjum að eiga samskipti, hægt er að nálgast upplýsingar um hin ýmsu málefni og stunda viðskipti heimshorna á milli án mikillar fyrirhafnar.

Ísland nýtur góðs af sérstöðu sinni í upplýsinga- og fjarskiptamálum og er eitt af tæknivæddustu löndum heims á því sviði. Ríkisvaldið hefur lagt mikinn metnað í að hafa stjórnsýsluna eins rafræna og mögulegt er og hefur haft það að markmiði að vera í fararbroddi þjóða heims við að nýta upplýsingatæknina í þágu bætts mannlífs og aukinnar hagsældar.¹ Áhersla hefur verið lögð á að nýta upplýsingatæknina til að miðla opinberum upplýsingum til almennings. Gert er ráð fyrir að sveitarfélög og ríkisstofnanir gegni þar mikilvægu hlutverki. Möguleikar hafa opnast með auknu aðgengi einstaklinga að Netinu. Samtímis hefur einstaklingum verið auðvelduð öll sú vinna sem fer í upplýsingaöflun, auk þess sem kostnaður ríkisvaldsins við að veita upplýsingar hefur minnkað að einhverju leyti. Þessu fylgir auk þess meiri jöfnuður fyrir íbúa landsins. Íbúar hafa greiðari aðgang að upplýsingum og eru búseta og afgreiðslutímar stofnana ekki lengur hindrun í að nálgast upplýsingar. Að nokkru leyti má segja að þetta styrki lýðræðið í landinu þar sem allir sitja við sama borð.²

3.2 Samráð við hagsmunaaðila

Leitað var eftir stuðningi hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytinu um gerð þessa mats og liðsinntu þeir framkvæmdaraðilum með ýmsu móti. Matið var gert með

¹ Sbr. stöðuskýrsla um framkvæmd stefnu ríkisstjórnar um upplýsingasamfélagið 1998.

² Framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið. www.brunnur.stjr.is/interpro/fro/for.nfs/pages/uppl10003

spurningakönnun með tuttugu og þremur spurningum. Tekið var tillit til óska hagsmunaaðila við gerð spurninga.

4 Aðferð

Eftirfarandi samantekt greinir stuttlega frá þeirri aðferðafræði sem byggt var á í verkefninu. Gerð er grein fyrir því hversu áreiðanlega mynd má ætla að hún gefi af tölvuþjónustu ríkisstofnana og sveitarfélaga. Fjallað er um þýðið, brottfall, framkvæmd könnunar og þau mælitæki sem notuð voru.

4.1 Spurningakannanir

Þjónustumat byggir jafnan á hefðbundinni aðferðafræði félagsvísinda. Sú leið var valin hér að gera spurningakönnun meðal ríkisstofnana og sveitarfélaga til að svara þeim rannsóknarspurningum sem lagt var upp með í byrjun. Eins og vænta má hafa spurningakannanir ýmsa kosti og galla. Kostirnir eru einkum þeir að hér er um að ræða ódýra aðferð sem fljótlegt er að gera og hægt að vélvæða úrvinnsluna að hluta. Gallarnir eru hins vegar þeir að vandasamt er að búa til spurningar, ekki er hægt að treysta því að fólk segi satt og oft ekki hægt að ná þeirri dýpt sem næst með eigindlegum aðferðum.

Ákveðið var að skoða allt þýðið í stað þess að gera hefðbundna úrtakskönnun. Þar sem ráðlegt er að ná 70 prósentu svarhlutfalli í spurningakönnunum til að koma í veg fyrir frávik var ákveðið að nota sambland tveggja aðferða við gagnasöfnun til að tryggja góða svörun. Rafræn könnun var lögð fyrir allt þýðið og henni síðan fylgt eftir með símakönnun. Ljóst var að margir þættir höfðu áhrif á svörun, svo sem hvatinn til að svara, hvernig könnun var kynnt, hvað þátttakendur töldu sig hafa út úr því að vera með og svo framvegis. Þessir þættir voru hafðir til hliðsjónar við framsetningu spurningalista og framkvæmdina.

4.2 Þátttakendur

Könnuninni var beint til forstöðumanna stofnana og forsvarsmanna sveitarfélaga. Hún náði til 240 ríkisstofnana að ráðuneytum meðtöldum og 122 sveitarfélaga. Heildarsvörun var 65 prósent. Þátttakendur voru 166 (70%) ríkisstofnanir og 68 (57%) sveitarfélög.

Ríkisstofnanir að ráðuneytum meðtöldum voru rúmlega 240 talsins. Flestar heyrðu þær undir menntamálaráðuneyti (54), dóms- og kirkjumálaráðuneyti (45) og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti (44). Um 60 prósent ríkisstofnana voru á höfuðborgarsvæðinu, en færstar á Austurlandi (3,6%). Tæpur helmingur ríkisstofnana hafði færri en 20 starfsmenn.

Stærsti vinnustaðurinn var Landspítali - háskólasjúkrahús með tæplega fimm þúsund starfsmenn. Samtals voru ríkisstarfsmenn um níttján þúsund eða 11 prósent af vinnafli í landinu.

Á landinu öllu voru 122 sveitarfélög og bjuggu þrjú fjórðu landsmanna í þeim tíu stærstu. Um 20 sveitarfélög höfðu innan við hundrað íbúa. Öll sveitarfélög landsins voru í Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Flest voru þau staðsett á Suðurlandi og Reykjanesi.

4.3 Brottfall

Alls neituðu þrjú sveitarfélög og stofnanir að taka þátt í könnuninni. 125 urðu ekki við óskum um þátttöku.

Aðeins fengust svör frá þriðjung (35%) sveitarfélaga með fimm hundruð íbúa og færri, en 90 prósent þeirra sem höfðu fleiri íbúa svöruðu.

4.4 Framkvæmd

Könnunin um tölvuþjónustu ríkisstofnana og sveitarfélaga fór fram á vormánuðum 2002. Um var að ræða rafræna póstkönnun sem var fylgt eftir með símakönnun. Skrár fjármálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga voru notaðar við útsendingu, en þar komu fram hagnýtar upplýsingar um nöfn forstöðumanna ríkisstofnana og sveitarstjóra einstakra sveitarfélaga, heimilisföng, netföng og símanúmer.

Spurningalisti var lagður fyrir um hvaða tölvuþjónustu ríkisstofnanir og sveitarfélög veittu inn á við til eigin stjórnsýsluþarfa eða út á við til almennings. Sá háttur var hafður á að spurningalisti var sendur á netföng forstöðumanna og sveitarfélaga og þeir beðnir um að fylla hann út og senda til baka á tiltekið netfang. Þeir sem ekki höfðu netföng fengu könnunina senda í pósti. Viku síðar voru þeir sem ekki höfðu svarað minntir á könnunina. Ástæða þótti til að bjóða þátttakendum aðstoð við útfyllingu spurningalistans, þar sem ekki var hjá því komist að nota tæknilegt fagmál sem gat vafist fyrir þeim sem ekki þekkjá til. Þátttakendur gátu fengið aðstoð með því að senda inn skilaboð á tiltekið netfang eða með því að hringja í framkvæmdaraðila. Enginn nýtti sér þennan möguleika.

Í framhaldinu þótti ástæða til að fylgja rafrænu könnuninni eftir með símakönnun til að tryggja sem besta svörun. Símakönnunin fór fram á tímabilinu 11. – 22. mars 2002. Reynt var að ná í alla á skrár fjármálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í kynningarbréfi (sjá viðauka A) kom fram að könnunin væri gerð af nokkrum nemendum í MPA³ námi við Háskóla Íslands og næði til forstöðumanna ríkisstofnana á öllu landinu og forsvarsmanna allra sveitarfélaga. Greint var frá að könnunin væri liður í verkefni nemenda um tölvuþjónustu ríkisins. Lögð var áhersla á að farið væri með upplýsingar sem trúnaðarmál, þannig að ekki væri hægt að rekja svörin til einstakra stofnana eða sveitarfélaga. Þrjátíu prósent ríkisstofnana sendu könnunina til baka rafrænt og 10 prósent sveitarfélaga. Við símakönnun fór svörun hjá ríkisstofnunum úr 30 prósentum í 70 prósent og úr 10 prósentum í 57 prósent hjá sveitarfélögum.

4.5 Mælitæki

Hannaður var spurningalisti (sjá viðauka B) um þá tölvuþjónustu sem ríkisstofnanir og sveitarfélög veittu inn á við til eigin stjórnsýsluþarfa eða út á við til almennings.

Listinn skiptist í þrjá meginhluta. Í fyrsta hluta voru spurningar um helstu vistunarsnið tölvugagna, hvort gögn væru vistuð miðlægt, hvort útprentun gagna væri miðlæg, hvort tölvuuppbygging væri samkvæmt biðils/miðils (client/server) högun og hvort veitt væri tölvuþjónusta með úthýsingu það er kaupum á miðlægri þjónustu af sérhæfðum aðila. Möguleg svör við spurningu um vistunarsnið voru 1) word, 2) excel, 3) html/xml, 4) gagnagrunns-/hópvinnukerfissnið, 5) annað, en svarmöguleikar við öðrum spurningum í fyrsta hluta voru 1) já, 2) já, að hluta, 3) nei.

Í öðrum hluta var spurt hvort stofnun eða sveitarfélag væri tengt Netinu og þá hve öflug tengingin væri. Spurt var hvort stofnunin eða sveitarfélagið byði upp á innhringiþjónustu fyrir starfsmenn, hvaða tölvuþjónusta væri veitt almenningi, hvaða þjónusta væri veitt af vef og hvert þjónustustig vefsins væri.

Í þriðja hluta voru spurningar um hvort tölvugögn væru flutningshæf til Þjóðskjalasafns, hvort starfað væri eftir viðurkenndum öryggisstöðlum í upplýsingamálum, hvort neyðaráætlun væri til í tölvumálum og hvort afrit væri tekið eftir mótuðu verklagi. Þrjár svarmöguleikar voru við þessum spurningum 1) já, 2) já, að hluta, 3) nei.

Að lokum var spurt hvort tölvuþjónustan hefði breytt einhverju í starfsumhverfi ríkisstofnunarinnar eða sveitarfélagsins og hvort mótuð hefði verið stefna í upplýsinga- og tölvumálum. Að auki voru spurningar um fjölda starfsmanna hjá stofnun, fjölda íbúa hjá sveitarfélagi, staðsetningu stofnunar eða sveitarfélags á landinu, fjölda tölva í notkun, fjölda

³ MPA (Master of Public Administration / meistaranám í opinberri stjórnsýslu)

starfsmanna sem vinnur eingöngu við tölvuþjónustu og veltu stofnunar eða sveitarfélags árið 2001.

Lögð var áhersla á að hafa spurningalistann stuttan og fljótsvaraðan. Eingöngu var stuðst við lokaðar spurningar sem flestum var hægt að svara með einum svarmöguleika. Í lok spurningalistans voru svarendur þó inntir eftir álitum á þessum málaflokki og var þá mönnum frjálst að koma með hvers konar ábendingar. Listinn var borinn undir nokkra valda einstaklinga til að kanna hvort málfar væri skiljanlegt og til að fá ábendingar um efnisþætti.

4.6 Úrvinnsla

Úrvinnsla var í tölfræðiforritinu SPSS og voru gögnin unnin með eftirfarandi aðferðum:

Lýsandi tölfræði, þ.e. skoðun meðaltala og frávika. Gögnin voru greind eftir landssvæðum, starfsmannafjölda, fjölda tölva, fjölda starfsmanna við rekstur tölva, veltu og íbúafjölda.

Krosstöflusamanburði, til að bera saman allar fylgibreytur og frumbreytur og marktækni milli þeirra.

Aðhvarfs- og dreifigreiningu, til að bera saman allar fylgibreytur og frumbreytur, meta marktækni milli þeirra, halda áhrifum frumbreyta föstum gagnvart hverri annarri og skoða mögulega samvirkni.

Þáttagreiningu, það er hvort samband væri milli spurninga.

5 Niðurstöður

Í þessari samantekt eru kynntar niðurstöður könnunar á tölvuþjónustu ríkisstofnana og sveitarfélaga sem gerð var á vormánuðum árið 2002. Leitað var svara við eftirfarandi spurningum:

Hve vel eru opinberar stofnanir og sveitarfélög búin undir að veita borgurunum rafræna þjónustu? Þá er átt við þjónustu sem er veitt á vef eða á annan rafrænan hátt óháð stund og stað (sólarhringsþjónusta alla daga vikunnar).

Hafa stofnanir og sveitarfélög sinnt faglegri uppbyggingu tölvuþjónustu og upplýsingaþjónustu og hvar eru þau á vegi stödd?

Hver er staða þeirra innbyrðis, er munur á ríkisstofnunum og sveitarfélögum, skiptir stærð, velta, staðsetning eða annað máli?

Ríkisstofnanir voru betur undir það búnar að veita rafræna þjónustu en sveitarfélög. Það kom í ljós með samanburði á vistunarsniði gagna, stöðluðu vefþjónustuprófi og þáttabreytunni „fagleg tölvuþjónusta“. 36 prósent ríkisstofnana vistuðu gögn í html sniði og 75 prósent í hópvinnukerfissniði. Sambærilegar niðurstöður hjá sveitarfélögum voru 10 prósent og 39 prósent.

Meira en helmingur ríkisstofnana hafði náð 2. stigi á viðmiðunarkvarða fyrir vefþjónustu meðan 60 prósent sveitarfélaga voru á 1. stigi.

Fagleg tölvuþjónusta var yfir meðallagi hjá 66 prósentum ríkisstofnana og undir meðallagi hjá 74 prósentum sveitarfélaga.

Nánast allir þátttakendur höfðu sinnt uppbyggingu tölvuþjónustu en voru þó mislangt komnir. Hæsta viðmiðun um faglega tölvuþjónustu var að finna hjá stofnunum og sveitarfélögum með yfir milljarð í veltu og lægsta hjá þeim sem höfðu minna en hundrað milljónir í veltu.

Stórar ríkisstofnanir og fjölmenn sveitarfélög voru lengst komin í tölvuþróuninni. Hið sama mátti segja um minni og meðalstórar stofnanir og sveitarfélög, það er að segja með veltu yfir hundrað milljónir. Það voru aðeins stofnanir og sveitarfélög sem höfðu minni veltu sem ekki höfðu fylgt eftir þróuninni.

Ríkisstofnanir voru lengra komnar en sveitarfélög og stærð (velta) sagði best fyrir um tölvuþjónustustig ríkisstofnunar eða sveitarfélags. Fylgni var milli tölvuþjónustu og staðsetningar, en hún féll út þegar áhrifum veltu var haldið föstum. Stærð stofnana og sveitarfélaga skipti meginmáli fyrir tölvuþjónustu. Þar sem ríkisstofnanir og sveitarfélög á landsbyggðinni voru að meðaltali smá skýrði stærðin lægra þjónustustig á landsbyggðinni.

Fagleg tölvuþjónusta hjá sveitarfélögum var háð íbúafjölda, sem var annar mælikvarði á stærð þeirra. Öll sveitarfélög með yfir tíu þúsund íbúa voru yfir meðallagi í faglegri tölvuþjónustu en 80 prósent þeirra sem voru með fimm hundruð til tvö þúsund íbúa undir meðallagi í faglegri tölvuþjónustu og 90 prósent þeirra sem voru með fimm hundruð íbúa eða færri.

Tölvuþjónusta ríkisstofnana og sveitarfélaga hefur lítið sem ekkert verið rannsökuð hér á landi. Hins vegar hefur verið athugað reglulega hvernig tölvumálum og kunnáttu sé háttað meðal almennings í hinum ýmsu skoðanakönnunum. Síðasta úttekt á þessu var könnun PriceWaterHouseCoopers um aðgang almennings að Netinu.⁴ Í könnuninni kom fram að tæplega 77 prósent landsmanna höfðu aðgang að Netinu. Munur mældist eftir búsetu, þannig höfðu 80 prósent höfuðborgarbúa aðgang að netinu en 72 prósent íbúa á landsbyggðinni.

Rannsókn á vegum Harvard háskóla sem gerð var á árinu 2001 leiddi í ljós að Ísland væri í öðru sæti af 75 löndum, næst á eftir Bandaríkjunum þegar kom að hæfni landa til að nýta sér rafræn samskipti. Var í því sambandi bæði lítið til þeirrar tækni sem þegar er við lýði og þeirrar tækniþekkingar sem til staðar er í landinu.

5.1 Tölfræðiþróf

Í þessari tölfræðiúrvinnslu voru notaðar tvenns konar rannsóknaraðferðir. Annars vegar lýsandi tölfræði þar sem töflur og gröf voru notuð við framsetningu gagna. Hins vegar voru notaðar krosstöflur sem báru fylgibreytur saman við allar frumbreytur (sjá Viðauka D). Með krosstöflum var auðvelt að sjá stefnu áhrifanna.

⁴ Þetta má meðal annars sjá í könnun sem PriceWaterHouseCoopers vann fyrir Verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið. Sjá nánar: <http://forsaetisraduneyti.is/interpro/for/for.nsf/pages/frett0025>

Miðað var við 95 prósent öryggismörk fyrir marktækni. Við myndun hópa fyrir breytu var miðað við að gögnin dreifðust jafnt. Þó var það ekki alltaf hægt, til dæmis miðaðist flokkun staðsetningar við landshlutaskiptingu. Heildarfjöldi þátttakenda var 234 og því var styrkur tölfræðiþrófsins allgóður.

Við þáttgreiningu kom í ljós einn þáttur „fagleg tölvuþjónusta” (sjá Viðauka E). Við dreifigreiningu kom í ljós að áhrif staðsetningar á faglega tölvuþjónustu hurfu að teknu tilliti til stærðar sveitarfélaga og ríkisstofnana. Sveitarfélög og ríkisstofnanir voru minni á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Við dreifigreiningu komu ekki í ljós samvirk áhrif.

5.2 Niðurstöður lýsandi tölfræði - frumbreytur

Alls tóku 234 ríkisstofnanir og sveitarfélög þátt í könnuninni, 60 prósent ríkisstofnana og 13 prósent sveitarfélaga voru á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 5.1: Ríkisstofnanir og sveitarfélög eftir landssvæðum


	Ríkisstofnanir		Sveitarfélög	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Höfuðborgarsvæðið	99	59,6	9	13,2
Vesturland, Vestfirðir	21	12,7	11	16,2
Norðurland	21	12,7	19	27,9
Austurland	6	3,6	8	11,8
Suðurland, Reykjanes	19	11,4	21	30,9

Fjöldi starfsmanna hjá ríkisstofnunum og sveitarfélögum var oftast á milli tuttugu til hundrað manns en fór sjaldan yfir þann fjölda.

Tafla 5.2: Fjöldi stofnana eftir starfsmannafjölda


	Ríkisstofnanir		Sveitarfélög	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
1-20 starfsmenn	64	38,8	21	32,3
21-100 starfsmenn	78	47,0	26	40,0
101-500 starfsmenn	21	12,7	13	20,0
> 500 starfsmenn	2	1,3	5	7,7

Fjöldi tölva var í 44 prósentum tilvika færri en tuttugu en dreifing þeirra var mjög svipuð milli ríkisstofnana og sveitarfélaga.




Ríkisstofnanir og sveitarfélög höfðu í flestum tilvikum (61%) engan starfsmann sem sinnti eingöngu tölvuþjónustu. Hjá þriðjungi ríkisstofnana og sveitarfélaga starfaði einn til þrjú tölvumenn, en hjá 17 aðilum (7,3%) þrjú eða fleiri.

Árlega velta var á bilinu eitt hundrað til fjögur hundruð milljónir hjá tæplega helmingi (44%) ríkisstofnana og ríflega þriðjungi (37%) sveitarfélaga. Veltan var innan við hundrað milljónir hjá tæplega þriðjungi ríkisstofnana og sveitarfélaga og hjá fjórðungi var hún meiri en fjögur hundruð milljónir.




Fimmtíu sveitarfélög (73,6%) sem þátt tóku í könnuninni höfðu tvö þúsund eða færri íbúa, en átján (26,5%) fleiri en tvö þúsund íbúa.



5.3 Niðurstöður margþátta svarbreyta

Vistunarsnið gagna

Allir þátttakendur vistuðu gögn sín í Word og Excel, en ríkisstofnanir einnig í hópvinnu- eða gagnagrunnskerfi og á html/xml sniði. Sveitarfélögin vistuðu lítið á html/xml sniði.



Þjónusta við almenning

Um helmingur ríkisstofnana og sveitarfélaga rak eigin vefsíðu og hafði gagnkvæm tölvupóstsamskipti við viðskiptavinum sína. WAP þjónusta var á byrjunarreit.

Tafla 5.3: Þjónusta ríkisstofnana og sveitarfélaga við almenning

	Ríkisstofnanir		Sveitarfélög	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Vefur	118	46,1	49	52,1
WAP þjónusta	3	1,2	2	2,1
Tölvupóstsamskipti	135	52,7	43	45,7

Hvaða þjónusta er veitt af vef?

Af 167 þátttakendum sem höfðu heimasíðu, færðu 138 reglulega inn gögn á hana, eða að minnsta kosti mánaðarlega. Nær allir (84-95%) voru með kynningu á ríkisstofnuninni eða sveitarfélaginu á heimasíðu og þeirri þjónustu sem var í boði. Á helmingi heimasíðna var hægt að sækja vefgögn í gagnagrunn og á tveimur heimasíðum af hverjum fimm hafði verið sett inn leitarvél.


Hverju hefur tölvuþróunin breytt í starfsumhverfinu?

Langflestir (88-94%) töldu tölvuþróunina hafa bætt þjónustuna, aukið hagræðingu, leitt til skilvirkari vinnubragða og aukins aðgengis að upplýsingum. Færri (69%) töldu að hún hefði leitt til sparnaðar við dreifingu efnis.

5.4 Niðurstöður einþátta svarbreyta

Hve öflug er tengingin við Netið?

Töluverður munur var á ríkisstofnunum og sveitarfélögum varðandi flutningsgetu nettengingar. Allt að 90 prósent ríkisstofnana höfðu fast samband á meðan helmingur sveitarfélaga notaðist við upphringisamband með mun minni flutningsgetu.



Þjónustustig vefsíðunnar

Þegar spurt var um þjónustustig heimasíðunnar kom í ljós að 60 prósent þeirra heimasíðna sem sveitarfélögin ráku veittu einungis upplýsingar. Yfir helmingur ríkisstofnana notaði heimasíðu sína einnig til þess að dreifa skýrslum og eyðublöðum til viðskiptavina sinna. Í fáum tilfellum (<5%) voru sjálfvirkar afgreiðslur á vefnum, það er hægt að útfylla eyðublöð og skila til baka á vefnum.


Tafla 5.4: Þjónustustig vefs

	Ríkisstofnanir		Sveitarfélög	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Veittar upplýsingar	44	35,2	29	60,4
Dreifing gagna	67	53,6	8	16,7
Gögn móttækin og afhent	10	8,0	9	18,8
Sjálfvirkar afgreiðslur á vef	4	3,2	2	4,2

5.5 Niðurstöður spurninga á Likert skala

Eru gögn vistuð miðlægt?

Töluverður munur var á ríkisstofnunum og sveitarfélögum þegar spurt var um hvort gögn væru vistuð miðlægt. Tæplega 70 prósent ríkisstofnana sögðust vista gögn sín miðlægt en aðeins fjögur prósent sögðust aldrei gera það. Um helmingur sveitarfélaga sagði vistun gagna vera að hluta til miðlæga en eitt af hverjum tíu sagðist aldrei vista miðlægt.




Er útprentun gagna miðlæg?

Svipaða sögu var að segja af útprentun gagna. Þrjár af hverjum fimm ríkisstofnunum sögðust prenta út miðlægt að öllu leyti og ríflega fjórðungur (28%) að hluta. Tæplega helmingur (46%) sveitarfélaga sagðist prenta út miðlægt að öllu leyti en tvö sveitarfélög af hverjum fimm prenta út miðlægt að hluta. Einn af hverjum tíu svarendum hafði ekki miðlæga prentun.


Er biðils miðils (Client/Server) högun?

Mikill meirihluti (94%) ríkisstofnana sagðist hafa látið setja upp hjá sér svokallaðan „server“ sem veitti notendatölvum þjónustu, en notendatölvur veittu hver annarri ekki þjónustu. Þrír fimmtu (78%) ríkisstofnana sagðist vera með þessa högun að öllu leyti og 15 prósent að hluta. Ríflega þriðjungur (38%) sveitarfélaga sagðist hafa „server“ fyrir allar sínar tölvur og fjórðungur (26%) að hluta.



Er þjónusta veitt með úthýsingu?

Mun fleiri ríkisstofnanir en sveitarfélög sögðust nýta sér þjónustu sérhæfðra tölvufyrirtækja. Þrjár ríkisstofnanir af hverjum fimm sögðust veita tölvuþjónustu að öllu eða einhverju leyti með úthýsingu.



Er tölvukerfið tengt Netinu?

Langflestir (96%) svarenda voru tengdir Netinu.

Tafla 5.5: Er tölvukerfið tengt Netinu?


	Fjöldi	%
Já (1)	220	96,1
Að hluta (2)	6	2,6
Nei (3)	3	1,3
Meðaltal: 1,05		

Er innhringiþjónusta fyrir starfsmenn að heiman?

64 prósent ríkisstofnana og sveitarfélaga sögðust ekki hafa reynt þá leið að bjóða öllum starfsmönnum sínum upp á innhringiþjónustu, þannig að þeir gætu unnið heima hjá sér. Fjórðungur sagðist bjóða hluta starfsmanna sinna þessa þjónustu. Tvöfalt fleiri ríkisstofnanir en sveitarfélög veittu öllum starfsmönnum sínum þessa þjónustu eða um 11 prósent.


Eru gögn flutningshæf til Þjóðskjalasafns?

Ríflega helmingur (57%) ríkisstofnana taldi gögn sem unnið væri með flutningshæf til Þjóðskjalasafns samkvæmt reglum þess. Tæplega þrjú sveitarfélög af hverjum fimm (71%) sögðu að gögn þeirra væru ekki á flutningshæfu formi.




Eru viðurkenndir öryggisstaðlar notaðir í upplýsingamálum?

Rúmur helmingur ríkisstofnana sagðist starfa að hluta eða öllu leyti eftir viðurkenndum öryggisstöðlum (ISO 17799 eða sambærilegum) í upplýsingamálum. Um fimmtungur sveitarfélaga sagðist gera slíkt hið sama.



Er til neyðaráætlun í tölvumálum?

Fjórðungur ríkisstofnana sagðist ekki hafa mótað neinar neyðaráætlanir í tölvumálum varðandi rekstraráföll, það er ef upp kæmi vírus, innbrot, eldsvoði eða önnur óhöpp. Þetta hlutfall var 60 prósent hjá sveitarfélögum.



Er afrit tekið af gögnum samkvæmt mótuðu verklagi?

Langflestir sögðust taka afrit reglulega af tölvugögnum samkvæmt mótuðu verklagi eða 90 prósent ríkisstofnana og 84 prósent sveitarfélaga. Aðrir sögðust taka afrit af hluta gagna.


Hefur stofnunin mótað sér stefnu í upplýsinga- og tölvumálum?

